



Miðbær Hafnarfjarðar

Skýrsla og tillögur starfshóps um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

1-25-2021

Efnisyfirlit

Skýrsla og tillögur starfshóps um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar	2
Starfshópin skipuðu:.....	2
Starfsmenn starfshópsins:	2
Hlutverk starfshópsins skv. erindisbréfi	3
Gildandi aðal- og deiliskipulag	3
Reitir 1-5.....	4
Reitur 1. Reykjavíkurvegur / Austurgata / Linnetsstígur / Strandgata	5
Reitur 2. Reykjavíkurvegur / Strandgata / Linnetsstígur	5
Reitur 3. Linnetsstígur / Strandgata / Lækjargata / Fjarðargata.....	5
Reitur 4. Lækjargata / Brekkugata / Suðurgata / Vesturhamar	6
Reitur 5. Linnetsstígur / Austurgata / Lækjargata / Strandgata.....	6
Fundir starfshópsins.....	8
Tillögur starfshópsins	10
Samantekt tillagna	13
Áframhaldandi vinna.....	14
Fylgiskjöl:	16

Skýrsla og tillögur starfshóps um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar

Erindisbréf fyrir starfshóp um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar var samþykkt á fundi bæjarráðs þann 14.03.2019. Starfshópurinn var svo formlega skipaður á næsta fundi bæjarráðs þann 28.03.2019.

Starfshópin skipuðu:

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður.

Lovísa Björg Traustadóttir, fulltrúi meirihluta.

Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta.

Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi fyrirtækja.

Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi Markaðsstofu Hafnarfjarðar.

Starfsmenn starfshópsins:

Með starfshópnum störfuðu þrír starfsmenn umhverfis- og skipulagsviðs

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar,

Pormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt/verkefnastjóri

Hlutverk starfshópsins skv. erindisbréfi

Starfshópurinn skal vinna að og koma með tillögu að aðferðafræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins. Hlutverk starfshópsins er að, m.a. á grundvelli þessara gagna, móta stefnu um hvort unnið verði að opinni samkeppni um deiliskipulag miðbæjarins eða hvort unnið verði áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir. Til grundvallar þessarar vinnu starfshópsins skal hafa hliðsjón af aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, ásamt gildandi deiliskipulagi „Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001“, með síðari breytingum og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar. Jafnframt skal taka mið af fyrirliggjandi tillögum að uppbyggingu miðbæjarins sem unnar voru 2018. Eðlilegt er að tengsl miðbæjarins við aðliggjandi hverfi verði skoðuð m.a. út frá þróun byggðar undanfarna áratugi, hugmynda um bætta almenningssamgöngur, samkeppnissvæðisins við Flensborgarhöfn og þróunar og uppbyggingar á suðurhafnarsvæðinu.

Gildandi aðal- og deiliskipulag

Fram kemur í markmiðakafla aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 að:

„Lögð er áhersla á umhverfisgæði og þjónustuhlutverk miðbæjarins gagnvart nágrennabyggðum. Miðbær Hafnarfjarðar er annar tveggja gróinna miðbæjarkjarna á hofuðborgarsvæðinu, og hefur því aðra eiginleika og yfirbragð og betri tengsl við menningararfleifð en miðhverfi nýrri bæja og úthverfa á hofuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að vandað verði þar til skipulags og hönnunar.“

Fyrir miðbæ Hafnarfjarðar er í gildi deiliskipulag ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum frá árinu 2001, með síðari breytingum er teljast 21 talsins. Í greinargerð gildandi deiliskipulags um hlutverk miðbæjarins kemur fram að:


„Hlutverk miðbæjarins er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er hann megin þjónustukjarni bæjarins og nærliggjandi byggða. Hins vegar er hann áþreifanlegt tákni um sameiginlega hagsmuni bæjarbúa, hluti af sjálfsímynd þeirra og áttthagakennd. Mikilvægt er að báðir þættir séu ráðandi við ákvarðanatöku um þróun hans og uppbyggingu.“

Heimild er til uppbyggingar innan svæða miðbæjarins með nýbyggingum, viðbyggingum og/eða aðfluttum húsum. Gert er ráð fyrir að landnotkun innan skilgreindra reita, sem teljast fimm talsins, haldist í meginatriðum óbreytt. Reitirnir eru settir fram á gildandi deiliskipulagsuppdrætti frá 2001 og byggingarheimildir nýrra húsa eru merktir með gulum lit á uppdrættinum. Innan svæðisins er gert ráð fyrir blöndun íbúða,- skrifstofu- og þjónustubygginga.

Reitir 1-5

Hér fyrir neðan verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á gildandi deiliskipulagi frá árinu 2001. Hér er ekki endilega um tæmandi lista að ræða, en farið yfir veigamestu breytingar tiltekinna reita til að gefa ákveðna mynd af því hvar uppbygging gæti mögulega átt sér stað innan gildandi heimilda.

Þær byggingarheimildir sem eru til staðar í gildandi deiliskipulagi frá 2001 og með síðari breytingum eru bundnar skv. lögum og hafa ígildi eignar. Ekki hefur verið á það reynt að afturkalla slíkar heimildir en mögulega geta sveitarfélög orðið skaðabótaskyld og óvíst hversu háar upphæðir þyrfti þá að greiða lóðarhafa fyrir afturköllun slíkra byggingarheimilda. Þótt Hafnarfjarðarkaupstaður sé eigandi lóða í miðbænum eru uppbyggingarheimildir skv. skipulagi í höndum lóðarhafa hverju sinni. Deiliskipulag sem unnið er hverju sinni er á ábyrgð sveitarfélaga og með þeim eru ákveðnar forsendur gefnar til framtíðar. Þótt deiliskipulag stakra reita eða lóða hafi tekið breytingum við endurskoðun þá hafa sveitarfélög ekki farið þá leið að fella úr gildi þær byggingarheimildir sem hafa verið veittar á fyrri stigum.



T.v. Skjástot úr greinargerð gildandi deiliskipulags er sýnir fyrirkomulag reita innan skipulagssvæðisins.

T.h. Skjástot, gildandi deiliskipulag frá 2001.

Reitur 1. Reykjavíkurvegur / Austurgata / Linnetsstígur / Strandgata

Reiturinn hefur sundurlaust yfirbragð. Eyður eru í byggðinni s.s. við Linnetsstíg. Steinsteyppt hús byggð á árunum 1931 – 1972 svo og gömul timburhús, það elsta frá 1872 en önnur voru byggð upp úr aldamótunum 1900. Ýmsar þakgerðir, flöt þök og risþök með mismunandi þakhalla.

Á reit 1 er heimild til nýbygginga sem eru 2-3 hæðir. eru það blandaðar íbúðir og skrifstofuhúsnæði. Byggingarmagn, skv. tölum sem lágu til grundvallar þegar deiliskipulagið var unnið, var 4.543,1m². Skv. gildandi deiliskipulagi er heimild til uppbyggingar sem nemur 4.427,7m² eða alls á reitnum 8.190m².

Breytingar sem gerðar hafa verið:

Strandgata 9, samþ. þann 14.09.2005. Í breytingunni felst stækkun lóðar. Byggingarmagn lækkar um 97 m².

Reitur 2. Reykjavíkurvegur / Strandgata / Linnetsstígur

Reiturinn er að hálfu leyti byggður. Suð-vestari hluti hans er notaður sem bílastæði. Hús á reinum sem eru einnar- til þriggja hæða steinhús með flötu þaki eða bröttu risþaki mynda samfellda röð meðfram strandgötu og Linnetsstíg. Hús byggð á tímabilinu 1930 til 1961. (Linnetsstígur 2 byggt árið 2005).

Á reit 2 er mestmegnis gert ráð fyrir skrifstofu og þjónusturýmum, en þó einhverjum íbúðum með breytingu frá árinu 2007. Hæð bygginga innan reitsins eru 2-5 hæðir. Fyrir breytingarnar á deiliskipulaginu árið 2007 var byggingarmagn 5.136m² og hámark 18.753m². Eftir breytingarnar árið 2007 fór hins vegar hámarkið í 20.294,7m² og munar þar mest um breytingu er nær til lóðarinnar við Linnetsstíg 1.

Breytingar sem gerðar hafa verið:

Linnetsstígur 1, breyting samþykkt 23.01.2007. Með breytingunni var samþykkt að reisa mætti 5 hæða byggingu á lóðinni ásamt tveggja hæða bílageymslu. Við Fjarðargötu 7 er heimilt að reisa þriggja hæða þjónustubyggingu.

Reitur 3. Linnetsstígur / Strandgata / Lækjargata / Fjarðargata

Svæðið einkennist af samfelldri húsaröð við Strandgötu annars vegar og stórum byggingum og bílastæðaflæmi, opnu til vesturs. Hús við Strandgötu eru flest steinsteyppt, byggð á fyrri hluta síðustu aldar. Hús á vestari hluta svæðisins eru háreistar verslunar- og þjónustubyggingar sem byggðar voru á árunum 1990 – 2000.

Reitur 3 gerir ráð fyrir nýbyggingum sem nema fimm hæðir. Að öðru leyti er uppbygging í formi við- og ofanábygginga. Byggingarmagn reitar er 23.902m² en heimild er til rúmlega 30.000m² innan reitsins eða sem nemur 7.053m² í nýbyggingu.

Breytingar sem gerðar hafa verið:

Breytingar voru gerðar á deiliskipulagi er nær til lóðarinnar við Strandgötu 26-30 árið 2004 og síðari breytingar samþ. 14.9.2016. Byggingarmagn var hækkað úr 4.611m² í 5.980m² ásamt sameiningu lóða.

Reitur 4. Lækjargata / Brekkugata / Suðurgata / Vesturhamar

Reiturinn einkennist af stórum stakstæðum byggingum og víðáttumiklum opnum svæðum. Flest húsanna eru steinsteypt og byggð á seinni hluta 20. aldar. Fjögur þeirra eru þó úr timbri og byggð fyrir 1918. Hafnarfjarðarkirkja sem reist var 1914 er á minjaskrá.

Breytingar sem gerðar hafa verið:

Strandgata 50, nú Víkingastræti 2, breytt árið 2004 og aftur 2005. Leyfilegt hámarks byggingarmagn á lóð með breytingu (2004) varð 1.917 m² í stað 1.653 m² eða 264 m² aukning. Lækjargata 2 og Suðurgata 7. Breyting frá 12.7.2018. Með breytingunni á Lækjargötu 2 verður heimilt að byggja 19-23 íbúðir á lóð sem skilgreind er sem íbúðar- og atvinnulóð með verslun/þjónustu á jarðhæðum. Hámarks byggingarmagn lóðar er 3.300 m² með bílgeymslu (2.500m² án). Nhl. 1,89. Hámarks byggingarmagn á lóð fyrir breytingu var 2.505 m². Suðurgata 7 stendur óbreytt. Strandgata 55, samþ. 20.3.2012, Ný lóð Víkingastræti 3, stærð 520 m² og byggingarmagn 141,2 m².

Reitur 5. Linnetsstígur / Austurgata / Lækjargata / Strandgata

Um er að ræða elsta hluta skipulagssvæðisins. U.þ.b. fjórðungur húsanna eru timburhús byggð fyrir 1918. Skipulag reitsins ber merki byggðarþróunar um og upp úr aldamótunum 1900 þar sem íbúðarhús byggðust skipulagslítið upp frá hafnarsvæðinu. Önnur hús á svæðinu eru steinsteypt og byggð á ýmsum tímum á síðustu öld.

Breytingar sem gerðar hafa verið:

Við Austurgötu 22 var samþykkt breyting þann 05.10.2005. Með breytingunum var samþykkt að auka byggingarmagn á lóð í 306 m² í stað 284 m² eða 22 m² aukning. Jafnframt voru samþykktar verulegar breytingar við Austurgötu 22 og 22b og Strandgötu 19 með sameiningu lóða og heimildar til uppbyggingar íbúðar. Með breytingunni varð heimilt að byggja 540m² á lóðinni í stað 367m². Strandgata 19, heimild til 454m² í stað 305m². Samkvæmt skilmálum skal færa húsið í gamalt horf, samþ. 2.10.2013. Austurgata 36, samþykkt 14.3.2018. Með breytingunni verður heimilt að byggja 225m² innan lóðar í stað 136m² eða 89m² aukning. Linnetsstígur 6, samþ.

9.1.2018. Nhl. verður 1,68 í stað 0,94 eða 658,5m² í stað 368,3m² með breytingu eða aukning um 290m². Strandgata 31 og 33, samþ. 10.12.2014. Sameining lóða og heildarbyggingarmagn aukið úr 2.580m² í 2.979,3m².

Fundir starfshópsins

Starfshópurinn fundaði 21 sinnum og eru fundagerðir starfshópsins meðfylgjandi sem fylgiskjöl við skýrslu þessa.

Á fundum starfshópsins var litið í mörg horn. Ýmsar vangaveltur komu fram er snéru sérstaklega að því hugðarefni hver staðarandi miðbæjar Hafnarfjarðar væri og styrkleikar hans. Hvernig styðja megi við og stuðla að blómlegri vegferð miðbæjarins með framtíðarsýn þar sem möguleikar til frekari þróunar og uppbyggingar eru hafðir að leiðarljósi.

Starfshópurinn skoðaði fyrirbyggjandi tillögur sem borist höfðu frá þremur teiknistofum. Tillögurnar eru kortlagning af óbyggðum svæðum í miðbæ Hafnarfjarðar og möguleg framtíðarsýn varðandi það hvernig bærinn geti stækkað. Teiknistofurnar tóku hliðsjón af m.a. gildandi deiliskipulagi miðbæjarins þar sem nú þegar eru töluverðar heimildir til uppbyggingar, líkt og fram hefur komið, ásamt gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Einnig var lagt fram mat Teikn arkitektapjónustu sem hafði verði falið það verkefni að skoða framkomnar hugmyndir og leggja mat á hvort opin hugmyndasamkeppni um miðbæinn myndi skila frekari tillögum að uppbyggingu.

Drög að skýrslu starfshópsins voru gerðar aðgengilegar á heimasíðu bæjarins og opnað fyrir athugasemdir. Jafnframt var boðað til íbúafundar í september 2019 þar sem farið var yfir skýrsluna eins og hún lá fyrir á þeim tíma. Fundurinn var vel sóttur og fram komu ýmsar ábendingar, áhyggjur og yfirlýsingar íbúa er tengdust þeim hugmyndum sem varpað var fram í skýrsludrögum starfshópsins að uppfylltum ákveðnum forsendum. Í þeim hugmyndum, sem lagðar voru fram til grundvallar, var hluti uppbyggingar á landfyllingu. Slíkar framkvæmdir fengu lítinn hlómgrunn og íbúar mótmæltu harðlega slíkum hugmyndum.

Starfshópurinn tekur undir sjónarmið íbúa og leggur áherslu á endurskoðun svæða innan skipulagsmarka miðbæjar í stað nýrra landfyllinga. Í nóvember 2019 var boðað til opins vinnufundar þar sem íbúar unnu saman í minni hópum og lögðu fram tillögur og óskir um framtíð miðbæjarins.

Ánægjulegt var að sjá hve fjölmennur fundurinn var þar sem fram komu margar tillögur er ríma vel við áherslur starfshópsins. Augljóst var af viðbrögðum að íbúum er annt um miðbæinn og vilja sjá hann vaxa og dafna í takt við breytta tíma. Lítur það m.a. að byggingarmagni, hæðum húsa, varðveislu eldri byggðar, sjónrænum tengingum við hafið og kennileiti. Efling miðbæjarkjarnans og tenging hans við aðra

bæjarhluta ásamt því að koma á þeirri þjónustu sem íbúar kalla mikið eftir s.s. matvöruverslun.

Tillögur starfshópsins

Tillögur starfshópsins eru að eftirfarandi atriði hafi mikið vægi í þeirri forskrift sem verður ramminn er setur tóninn vegna komandi vinnu við deiliskipulag miðbæjar.

Miðbær Hafnarfjarðar er annar af sögulegum miðbæjarkjörnum á stórhöfuðborgarsvæðinu ásamt því að vera miðstöð opinberrar þjónustu. Hann þarf að efla enn frekar sem einn af helstu kjörnum verslunar, þjónustu og menningar. Miðbærinn stendur við höfn, með möguleikum á fjölbreyttri starfsemi og afþreyingu. Mikilvægt er að bæta tengingu miðbæjarins við höfnina, en ánægjulegt er að sjá þess merki í þeirri skipulagsvinnu fyrir hafnarsvæðið sem unnið hefur verið að síðustu ár. Þar eru vissulega sóknarfæri, því þessi nálægð við sjóinn er eftirsóknarverð og yfirleitt talin einn af mikilvægari kostum miðbæja.

Það er mikið af góðum áherslum í deiliskipulagi miðbæjarins frá 2001, sem enn eru í fullu gildi og mikilvægt að gleymist ekki. Markmið endurskoðunar þessarar er að rýna vel í gildandi deiliskipulag, þær heimildir sem eru til staðar og hvernig þær samrýmast markmiðum um að vernda byggðina, ásýnd og hjarta Hafnarfjarðar. Horfa þarf á þetta í samhengi við gildandi deiliskipulag er nær til einstakra lóða.

Við endurskoðun skipulagsins skal hafa í huga aðliggjandi hverfi og hvernig endurskoðað miðbæjarskipulag mæti þeim og geti jafnframt fléttast við Flensborgarhöfn og Hraun vestur. Slíkar áherslur komu fram á opnum vinnufundi frá íbúum og mátti þá sér í lagi greina áhuga á að halda tengingunni niður á hafnarsvæðið, enda er það eitt af sérkennum bæjarins. Miðbærinn er á fallegum stað, með opnum svæðum, stígum og góðri tengingu við fjölmenn íbúasvæði. Hátíðir eru haldnar þar á öllum árstímum. Nauðsynlegt er að halda áfram að styrkja þær til að draga að bæjarbúa, ferðamenn og gesti úr nágrennabyggðum. Nú þegar eru mikilvæg „akkeri“ í miðbænum, s.s. tónlistarskóli, bókasafn og öflug menningarhús. Allt eru þetta sterkir innviðir sem eiga að geta stutt við aðra þjónustu á svæðinu og ber því að styðja og efla áfram.

Tryggja þarf samfellu þegar kemur að þróun uppbyggingar innan miðbæjarins. Þ.e. uppbygging miði að því að reitir eða lóðir verði kláraðar og gengið frá svo ekki skapist sundurleitt umhverfi meðan á uppbyggingu stendur. Stefnt skal að því að kvaðir verði settar í skilmála einstakra lóða sem tryggi að þegar uppbygging er hafin skuli henni lokið innan ákveðins tímaramma. Um leið og horft er til framtíðarmöguleika innan skipulagsmarka miðbæjarins þarf að hlúa að því sem fyrir er. Huga þarf að því hvernig hvetja megi til viðhalds og endurbóta eldri húsa innan skipulagsmarkanna. Leita mætti fyrirmyndar frá öðrum sveitarfélögum sem hafa gert slíkt hið sama. Hvernig megi bæta ásýnd og umhverfi íþróttahússins við Strandgötu, Thorsplans og opna svæðið milli bókasafnsins og Súfistans (*ráðhústorgs*). Mikilvægt er fyrir alla

ásýnd og frekari þróun miðbæjarins að framkvæmdir á mikilvægum byggingareitum líkt og Strandgötu 26-30 fari af stað svo að heillegri mynd komist á Strandgötuna. Í takt við óskir íbúa er jafnframt mikilvægt að mótuð verði heildarsýn fyrir almenningsrými í miðbænum; göngustíga, torg og garða. Jafnframt að endurskoðun gróðurs (tré og árstíðarbundin blóm) verði í samræmi við trjáræktunarstefnu bæjarins og að hugað verði að götugögnum (bekkir, lýsing o.þ.h.).

Styrkja þarf Strandgötuna, enda er hún hjarta bæjarins með aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi. Til að tryggja megi að Strandgatan geti orðið að góðri verslunar- og þjónustugötu í bland við íbúðir, þarf útfærsla og eftirfylgni skilmála deiliskipulagins að styðja við þá þróun.

„Is this going to be a joyous place?“

Þessari spurningu hefur verið varpað fram og sett sem lykilmarkmið í skipulagi nokkurra miðbæja á Bretlandseyjum. Huga þarf að atriðum í skipulagsskilmálum sem gera það líklegra að miðbærinn verði skemmtilegur, að fólki líði vel og að þar ríki gleði. Jan Gehl, arkitekt, orðaði það þannig, að eitthvað geti gerst þar sem eitthvað er að gerast, og að ekkert geti gerst þar sem ekkert er að gerast. Ef götumynd er einsleit og með fáum opnunum og lítilli þjónustu á jarðhæð, þá hraða gangandi vegfarendur för, en þar sem þjónusta er tíðari og götuhliðar iða af lífi, hægja vegfarendur á sér og taka þátt í að búa til betri bæjarbrag.

Líflausar götuhliðar draga kraft úr götulífi og sé of mikið af þeim geta þeir gengið af verslunargötum dauðum. Það má segja að réttur almennings til að njóta lifandi aðalgötu sé mikilvægari en réttur húseigenda til að nýta rými við aðalgötu á þann hátt að það deyði götulífið. Framangreind atriði eru raunar tiltekin í gildandi skipulagsskilmálum fyrir miðbæinn og mikilvægt er að þeim sé framfylgt. Huga þarf áfram vel að blöndun íbúða í miðbænum, ásamt fjölgun skrifstofu- og hótelryma svo skapa megi jafnvægi milli íbúa, vinnandi og gesta. Með réttri samsetningu verður starfsemi sem þjónustar þessa hópa hagkvæmari.

Miðbærinn er mikilvægur fyrir heildina. Hann á að hafa góðar tengingar við aðra bæjarhluta og markmiðið ætti að vera að bæjarbúar upplifi hann sem hjarta bæjarins og stað sem gaman er að heimsækja. Jane Jacobs, blaðamaður og aktívisti, lagði áherslu á að án sterkra og fjölbreyttra miðju, væri hætt við að heildin yrði samansafn einangraðra hluta. Hún næði ekki að verða að einhverju meira; félags-, menningar- og efnahagslega, en summa aðskildra hluta.

Miðbærir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til að vaxa og dafna:

- Hann þarf að vera aðgengilegur, snyrtilegur og öruggur.
- Hann verður að hafa sterkan staðaranda; þar sem yfirbragð byggðar, verslun og þjónusta styrkja þessa ímynd.
- Einhvers konar faglegt eftirlit eða stjórnun verður að vera til staðar.
- Hann þarf að vera skemmtilegur og veita upplifun.

Fjarðargatan er að miklum hluta til á landfyllingu og sker á beint aðgengi frá Strandgötu niður að sjó. Til framtíðar getur möguleg uppbygging orðið við Fjarðargötu en finna þarf viðunandi lausn er varða bílastæði. Við uppbygginu þarf að gæta að fjölbreytni í hæðum og að mynda göturými sem leiða gesti og gangandi niður að sjó um leið og sjónræn tenging er höfð að leiðarljósi.

Með bættum almenningssamgöngum þarf að huga vel að vegtengingum við miðbæinn og staðsetningu mannvirkja sem þjónusta þær. Lögð er áhersla á að í miðbænum verði áfram öflug samgöngumiðstöð sem tengist samgönguneti höfuðborgarsvæðisins og gerir Hafnarfjarðarkaupstað þar með að vænlegum áfangastað fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og aðra þjónustu. Tryggja skal að samgöngusáttmáli sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa komið sér saman um og gerir ráð fyrir Borgarlínunni til Hafnarfjarðar verði fléttað inn í þá vinnu sem framundan er við endurskoðun deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar.



Ljósmynd: Guðmundur Fylkisson.

Endurhugsa má þá biðstoppistöð sem er nú staðsett á Fjarðargötu 13-15. Skapa mætti þar fleiri skammtímastæði og skipta mætti bílastæðum niður í svæði þar sem

langtímasvæði væru fjærri miðbæjarkjarnanum og þar sem skammtímasvæði væru nærri allri verslun og þjónustu.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að fjölgun á bílastæðum verði mest neðanjarðar, í bílakjöllurum. Það hefur ekki gengið eftir þegar framkvæmt hefur verið í miðbænum (*bílakjallarinn við verslunarmiðstöðina Fjörð var kominn þegar skipulagið var samþykkt*) og kannski er óráðlegt að einblína á bílakjallara í stað einhvers konar blöndu sem ef til vill gæti innihaldið bílastæðahús. Ef þörfin minnkar, er auðveldara að finna slíku húsi nýtt hlutverk, en ef um kjallara er að ræða. Hins vegar er rétt að endurskoða og auðvelða aðkomu bíla að þeim bílakjallara sem nú þegar er til staðar og hefur lengi staðið til að gera úrbætur á.

Á vinnufundi íbúa mátti greina að viðhorf til bílastæða eru misjöfn og hugmyndir að því hvernig þau eigi að útfæra eru mismunandi. Nauðsynlegt er að svigrúm sé til að takast á við núverandi stöðu bílastæða í miðbænum og leysa má með nútímalegum hætti þar sem snjallsímar m.a. geta nýst til að greiða fyrir bílastæði eða veita heimild til að leggja í ákveðin tíma innan miðbæjarins.

Samantekt tillagna

Starfshópurinn leggur til að við áframhaldandi vinnu við endurskoðun deiliskipulags fyrir miðbæ Hafnarfjarðar að sérstök áhersla skuli lögð á að:

- skipulagsmörk verði óbreytt frá árinu 2001.
- að ekki verði farið í landfyllingar meðfram Fjarðargötu.
- skapa umhverfi fyrir íbúa miðbæjarins svo að þeir búi við sömu þjónustugæði og aðrir íbúar bæjarfélagsins.
- gildistími deiliskipulags verði takmarkaður og endurskoðun skuli fara fram eftir ákveðinn árafjöldi.
- hugað verði að varðveislu eldri byggðar með áherslu á húsvernd.
- strandstígurinn verði áfram hluti af útivist og upplifun bæjarbúa.
- horft verði til þess að framtíðaruppbygging falli vel að eldri byggð.
- efla almenningsamgöngur.
- ekki verði gert ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja á opnu svæði fyrir framan Hafnarfjarðarkirkju og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, ásamt því að gert verði ráð fyrir mögulegri stækkun Tónlistarskólans í nánustu framtíð.

- *huga að heildarsýn grænna svæða og gróðurs í miðbænum, bæði hvað varðar gróðursetningu í göturými og við önnur almenningsrými miðbæjarins.*
- *endurskoða almenningsrými með möguleika á opnum samkeppnum á einstaka reitum; til dæmis íþróttahúsið við Strandgötu, Thorsplan og opna svæðið milli bókasafnsins og Súfistans (ráðhústorg).*
- *tryggja fjölbreytileika á jarðhæðum; verslun og þjónustu bæjarbúum í hag í samræmi við greinargerð gildandi deiliskipulags (2001).*
- *endurskoða fyrirkomulag bílastæða miðbæjar.*

Líkt og fram hefur komið er það niðurstaða starfshópsins að við endurskoðun og áframaldandi vinnu er varðar miðbæinn sé lykilatriði að hann fái að þróast og geti mætt þörfum samfélagsins hverju sinni, um leið og gætt verði að því að staðarandi bæjarins glatist ekki. Mikilvægt er að sett verði fram skýr framtíðarsýn sem veitir heildarmynd og yfirsýn yfir næstu mögulegu vaxtarskeið Hafnarfjarðarbæjar.

Áframhaldandi vinna

Starfshópurinn leggur til að skýrslunni verði vísað til umhverfis- og skipulagssviðs til frekari úrvinnslu við gerð forsagnar deiliskipulags. Tryggt skal að þau áhersluatriði sem fram koma í skýrslunni verði framfylgt í þeirri vinnu. Sú hugmyndavinna sem boðað var til á sínum tíma leiddi af sér margar góðar hugmyndir sem nýst hefur í þeirri skoðun sem nú hefur átt sér stað.

Starfshópurinn telur að margar þeirra hugmynda sem varpað var fram um kortlagningu óbyggðra svæða innan miðbæjarins séu þess verðar að skoða í samræmi við þau áhersluatriði sem sett hafa verið fram í þessari samantekt.

Undir skýrsluna rita fulltrúar starfshópsins:

Ágúst Bjarni Garðarsson

Lovísa Björg Traustadóttir

Jón Ingi Hákonarson

Kári Eiríksson

Guðmundur Bjarni Harðarson

Sigríður Margrét Jónsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf starfshópsins
2. Fundargerðir starfshópsins